

Ed.

409. Frumvarp til laga

[131. mál]

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd., 6. maí.)

I. KAFLI

1. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum eða í reglugerð, sem ríkisstjórninni er heimilt að gefa út samkvæmt þessum lögum, að höfðu samráði við Landsbanka Íslands, Seðlabankann. Sama máli gegnir um gjaldeyrisgreiðslur til útlanda.

Ríkisstjórnin hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyris-sölu, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum og gjaldeyrisgreiðslum annast þeir viðskiptabankar, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur. Skulu bankarnir gefa ríkisstjórninni skýrslur um þessa úthlutun, eftir því sem hún ákveður. Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa.

3. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem samkvæmt 1. gr. eru háðar leyfisveitingum, nema gegn innflutningsleyfi.

Bankarnir mega ekki láta gjaldeyri fyrir vörur eða til að inna af höndum aðrar greiðslur, sem háðar eru leyfisveitingum eftir reglugerð settri samkvæmt 1. gr. þessara laga, nema leyfi sé fyrir hendi.

4. gr.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem hérlendir aðilar eiga eða eignast fyrir vörur, þjónustu eða á annan hátt, skal seldur Landsbanka Íslands, Seðlabankanum, eða öðrum bönkum, sem hafa heimild til að verzla með erlendan gjaldeyri, án óeðlilegs dráttar, samkvæmt nánari reglum, sem settar verða með reglugerð. Þó geta þeir aðilar, sem um getur í 2. gr., veitt undanþágu frá þessari reglu.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð takmarkanir á útflutning og innflutning íslenskra peningaseðla, skiptimyntar, skuldabréfa og hvers konar skuldbindinga, sem hljóða um greiðslu í íslenskum gjaldeyri. Sama máli gildir um erlenda seðla og skiptimynt.

6. gr.

Landsbanki Íslands, Seðlabankinn, skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til gjaldeyrisbankanna og að erlendur gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlað. Einnig ber honum að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu fyrrnefndra banka.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að gera Seðlabankanum fullnægjandi grein fyrir gjaldeyrisviðskiptum sínum og veita honum nauðsynlegar upplýsingar í því sambandi.

7. gr.

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Til lána telst í þessu sambandi

einnig hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu til lengri tíma en eins árs. Erlend lán til skemmri tíma en eins árs, þar með talinn hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu, skulu háð reglum, sem ríkisstjórnin setur.

## II. KAFLI

### 8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar.

Samráð skal hafa við Landsbanka Íslands, Seðlabankann, um veitingu leyfa til útflutnings, er greiðist í jafnkeypisgjaldeyri, ef sá útflutningur er umfram þær upphæðir, sem gildandi viðskiptasamningar við hlutaðeigandi jafnkeypislönd gera ráð fyrir.

Útflutningsleyfi getur ríkisstjórnin bundið skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, þar á meðal um verðjöfnun innbyrðis við sölu vöru sömu tegundar og gæða á aðgreindum mörkuðum, og að hver framleiðandi skuli bera fjárhagslega ábyrgð á vöru sinni vegna galla.

Útflytjendur eru skyldir að veita ríkisstjórninni þær upplýsingar, sem hún óskar, um allt, er varðar sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda.

## III. KAFLI

### 9. gr.

Framkvæmdabanki Íslands skal semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Þá skal bankinn semja skýrslur um fjárfestingu í landinu og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um fjárfestingarmál. Hlutaðeigandi aðilum skal skylt að veita Framkvæmdabanka Íslands allar upplýsingar, sem hann þarfnast í þessu sambandi.

Byggingarnefndir og oddvitar senda Framkvæmdabanka Íslands eða öðrum aðila, sem ríkisstjórnin ákveður, skýrslu, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, um byggingarframkvæmdir í umdæmi þeirra. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

## IV. KAFLI

### 10. gr.

Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Af gjaldi þessu skal allt að helmingur, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, ganga til bankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en að öðru leyti skal því varið til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlitið.

### 11. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

### 12. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 50—500 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 þús. krónum. Ef miklar

sakir eru eða brot itrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum, og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem reglugerð sú, sem um getur í 1. gr., er gefin út. Jafnframt eru úr gildi númerin lög nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri, lög nr. 33 8. marz 1951, um útflutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla, lög nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., lög nr. 10 18. febr. 1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, lög nr. 20 13. apríl 1957, um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl. og 4. gr. laga nr. 105 21. des. 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögu Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldeyris- og innflutningsleyfi, svo og útflutningsleyfi, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu haldast. Þó skal heimilt að ákveða, að þau skuli afhendast til skrásetningar.